

Ívar Jónsson



### Samfélagsleg ábyrgð fyrirtækja vannýtt auðlind

Á undanförunum árum hefur áhugi manna á félagslegri ábyrgð fyrirtækja vaxið. Gagnrýni er orðin hávæð á umhverfisspjöll fyrirtækja víða um heim, brot á mannréttindum, barnaþrælkun og bág kjör sem verkafólki er víða boðið upp á, skrifar Ívar Jónsson. Þessi þróun hefur leitt til þess að fyrirtæki sjá ástæðu til að skapa ímynd af sér meðal almennings sem leggur áherslu á samfélagslega ábyrgð þeirra.

RANNSÓKNIR sýna að arðsemi samfélagslega ábyrgra fjárfestingasjóða er meiri en annarra fjárfestingasjóða. Í þessari grein verður hugtakið samfélagslega ábyrgur rekstur skilgreint og fjallað um hvernig má mæla samfélagslega ábyrgð fyrirtækja. Loks verður gerð grein fyrir sérstöðu og yfirburðastöðu samvinnufélaga hvað varðar samfélagslega ábyrgan rekstur.

### Upphafið í Bandaríkjunum

Hugtakið samfélagslega ábyrg rekstrarstefna felur í sér að stofnanir eða fyrirtæki samþætti sjálfviljug umhverfismál og samfélagsleg markmið í daglegum rekstri sínum og gagnvart eigendum og hagsmunaaðilum jafnt innan sem utan fyrirtækisins. Grundvallarhugsunin er í meginráttum þrjúþætt, þ.e. ef stofnunin eða fyrirtækið á að vera sjálfbært verður það að vera fjárhagslega tryggt, það verður að lágmarka umhverfisskaða af rekstrinum og það verður að starfa í samræmi við samfélagslegar væntingar. Það sem einkennir samfélagslega ábyrga rekstrarstefnu er að stofnanir og fyrirtæki hafa sjálfviljug frumkvæði í umbótum en bíða ekki eftir að löggjöf neyði þau til umbóta. Saga samfélagslega ábyrgar rekstrarstefnu (SÁR) er bæði ný og gömul. Sem dæmi um sjálfviljuga stefnu af þessu tagi má nefna rekstur samvinnumannsins Robert Owens í byrjun 19. aldar, en honum ofbauð barnaþrælkun og bág kjör verkafólks. Í verksmiðju sinni í New Lanark í Skotlandi hækkaði hann laun og ráðningaráldur barna, byggði húsnæði og skóla fyrir verkafólkið og stóð fyrir ýmiss konar velferðarumbótum. Umbætur hans urðu fyrirmynd að samvinnuhreyfingu nútímans. Upphaf SÁR í "nú tímanum" má rekja til mannréttindabaráttu í Bandaríkjunum á sjöunda áratug síðustu aldar, baráttunni gegn Víetnamstríðinu og aðskilnaðarstefnunni í Suður-Afríku. Fyrsta dæmið um SÁR er frá 1967 þegar Kodak-fyrirtækið í Rochester, New York neyddist til að bæta kjör svartra starfsmanna vegna þrýstings frá hópi nýrra hluthafa sem höfðu gagngert keypt sig inn í fyrirtækið til að ná fram umbótum. Árið 1971 stofnuðu tveir meþódistaprestar fjárfestingasjóð, Pax World Fund, en á þeim tíma var enginn sjóður til sem markvisst fjárfesti ekki í fyrirtækjum sem framleiða hergögn. Eignir þessa sjóðs eru í dag metnar á yfir 75 milljarða íslenskra króna. Barátta Ralph Nader og efling neytendasamtaka í Bandaríkjunum á sjöunda áratugnum leiddi til vitundarvakningar um mannréttindabrot stórfyrirtækja þar í landi ekki síður en vitundarvakningar um skaða af framleiðslu og neyslu margvíslegra vara fyrir umhverfi og heilsufar almennings. Á sama tíma voru stofnaðar sérhæfðar rannsóknarstofnanir eins og The Council for Economic Priorities, sem rannsaka SÁR. Það voru gjarnan trúarsamtök sem stofnuðu hina mörgu samfélagslega ábyrgu fjárfestingasjóði.

Á áttunda og níunda áratugnum varð baráttan gegn aðskilnaðarstefnunni í Suður-Afríku gífurlega mikilvægur þáttur í þeirri vitundarvakningu sem varð meðal almennra hlutfjáreigenda í Bandaríkjunum, lífeyrissjóða og fylkisstjórna sem beittu sér gegn fjárfestingum í Suður-Afríku. Árið 1977 lagði presturinn og mannréttindabaráttukempan Leon Sullivan fram lista yfir lágmarksviðmið fyrir fyrirtæki sem fjárfesta í Suður-Afríku. Viðmiðin

urðu fyrirmynd margra bandarískra fylkisstjórna í fjárfestingum þeirra, einnig lífeyrissjóða og háskóla sem margir hverjir eiga hlutafé í fyrirtækjum. Viðmið Sullivans áttu að stuðla að kynþáttajafnrétti á vinnustöðum með tilliti til umgengni, ráðninga, launa, starfsþjálfunar, starfsframa og aðstoðar við starfsmenn við öflun húsnæðis, skólagöngu, heilsuræktar og heilsugæslu. Árið 1982 voru samþykkt lög í fylkinu Connecticut sem skylduðu fylkið til að fylgja viðmiðum Sullivans í fjárfestingum og rekstri fyrirtækja sinna. Háskólinn í Wisconsin gekk lengra og seldi hlutabréf sín í fyrirtækjum sem ekki fylgdu Sullivan-viðmiðunum. Árið 1983 bannaði fylkið Massachusetts fjárfestingar í fyrirtækjum og bönkum sem áttu í viðskiptum í Suður-Afríku. Ári síðar gáfu stærstu lífeyrissjóðir Bandaríkjanna út starfsreglur sem takmörkuðu fjárfestingar í Suður-Afríku. Þetta voru lífeyrissjóðir New York-borgar og Kaliforníufylkis. Eignir þeirra voru þá jafnvirði um 5000 milljarða íslenskra króna. M.a. vegna hótana lífeyrissjóðanna um að hætta viðskiptum við stórbankana Chase Manhattan og Citicorp hættu bankarnir að lána suður-afrískum fyrirtækjum. Samkvæmt helstu stofnun Bandaríkjanna á sviði mats á samfélagslega ábyrgum fjárfestingum, Social Investment Forum (SIF), hefur umfang hlutafjár í fyrirtækjum sem metið er út frá samfélagslegri ábyrgð aukist gríðarlega á síðustu árum. Í Bandaríkjunum voru slíkar fjárfestingar jafnvirði 48 þúsund milljarða króna 1995. Tveimur árum síðar voru þær metnar á 89 þúsund milljarða, 1999 á 162 þúsund milljarða og 175 þúsund milljarða árið 2001.

SIF byggir mat sitt á þremur viðmiðum. Í fyrsta lagi eru upplýsingar um fjárfestingar í fyrirtækjum sem hafa komist á lista yfir samfélagslega ábyrg fyrirtæki sem skara fram úr hvað varðar starfsmannahald, umhverfisvernd, hollustu og öryggi framleiðsluafurða og mannréttindamál í heimalandi og erlendis.

Í öðru lagi er aflað upplýsinga um umfang fjárfestinga fjárfesta sem beita sér með virkum hætti í stefnumörkun þeirra fyrirtækja sem þeir fjárfesta í. Fjárfestarnir gera kröfu til fyrirtækjanna um að þau taki upp samfélagslega ábyrga rekstrarstefnu.

Í þriðja lagi er upplýsinga aflað um fjárfestingar aðila sem fjárfesta í nærsamfélögum með það að markmiði að bæta hag þeirra sem búa í jaðarbyggðum. Um er að ræða fjárfesta sem skapa atvinnu í slíkum byggðum, bjóða tekjuminnna fólki lánsfé, veita fjármagni til smárra fyrirtækja, til byggingar ódýrs húsnæðis og velferðarþjónustu eins og t.d. barnagæslu.

Sambærilegar rannsóknir hafa verið gerðar í ýmsum öðrum löndum en Bandaríkjunum. Russell Sparks hefur áætlað að umfang samfélagslega ábyrga fjárfestinga á Bretlandi hafi numið um 24 þúsund milljörðum króna árið 2001. Í Kanada var upphæðin um 2.400 milljarðar króna og í öðrum Evrópusabandslöndum en Bretlandi um 1.300 milljarðar króna.

## **Arðsemi samfélagslega ábyrga fjárfestinga**

Samfélagslega ábyrgar fjárfestingar (SÁF) virðast vera umtalsverðar á Vesturlöndum, en margir efast um arðsemi þeirra. Rannsóknir benda til þess að arðsemi SÁF sé ekki minni en annarra fjárfestinga. Arðsemin virðist raunar lítið eitt meiri. Breska ríkisstjórnin lét taka saman skýrslu 1998, "Is There a Cost to Ethical Investing". Í henni voru 42 SÁF-sjóðir í Bretlandi bornir saman við 185 fjárfestingasjóði sem ekki eru bundnir af samfélagslegri ábyrgð. Eignir SÁF-sjóðanna í úrtakinu voru um 175 milljarðar króna, en eignir hinna sjóðanna um 900 milljarðar króna. Á árunum 1992-98 var arðsemi SÁF-sjóða 17,3%, en hinna 16,5%. Á tímabilinu 1994-6 voru þessar tölur 14,6% og 13,5%. 1996-98 var arðsemin 19,7% og 17,8%.

## **Kvaðir á lífeyrissjóðum - frumkvæði Breta**

Skýrsla bresku stjórnarinnar var hluti af vinnu sem tengdist áætlunum ríkisstjórnarinnar um að setja lífeyrissjóðum reglur sem neyddu þá til að meta fjárfestingakosti á grundvelli samfélagslegrar ábyrgðar. Árið 2000 tók gildi reglugerð í Bretlandi sem hefur valdið straumhvörfum á fjármagnsmörkuðum í Evrópu. Samkvæmt reglugerðinni er lífeyrissjóðum skylt að hafa opinbera fjárfestingastefnu þar sem fram kemur hvers konar fjárfestingar viðkomandi sjóður stendur fyrir, hlutfallið milli ólíkra tegunda fjárfestinga, hvaða arðsemiskröfur eru gerðar og hverjar forsendur áhættumats eru. Auk þess er sjóðunum skylt að gera grein fyrir með hvaða hætti er tekið tillit til samfélagslegra, umhverfislegra og siðferðislegra markmiða í ákvörðunum um fjárfestingar. Loks er þeim skylt að gera grein fyrir hvaða stefnu sjóðirnir hafa varðandi það að beita þeim atkvæðisrétti sem fylgir fjárfestingum í fyrirtækjum. Reglugerðin hefur leitt til hugarfarsbyltingar í fjárfestingum lífeyrissjóða ekki síst

vegna þess að miklar upplýsingar um samfélagslega ábyrgar fjárfestingar hafa safnast upp og mikil þekking á aðferðum við mat á slíkum fjárfestingum hefur skapast. Svipaðar reglugerðir og sú breska hafa síðan orðið að veruleika í Austurríki, Svíþjóð og Þýskalandi, en Evrópusambandið stendur nú fyrir mikilli stefnumörkunarvinnu á þessu sviði.

### **Mælingar á samfélagslega ábyrgum rekstri**

Það að geta sýnt fram á samfélagslega ábyrgð er mikilvægt til að skapa jákvæða ímynd af fyrirtækjum í augum almennings. Samvinnufyrirtæki eiga mun lengri sögu samfélagslegrar ábyrgðar en einkafyrirtæki, enda stofnuð með þetta að augnamiði þegar um miðbik 19. aldar. Samvinnufyrirtæki hafa samt ekki nýtt sér þessa yfirburði og vannýttu auðlind sem samfélagsleg ábyrgð er. Samvinnuhreyfingin er þó að vakna til vitundar um þetta um þessar mundir. Nýlegt íslenskt dæmi má nefna yfirlýsta stefnu KEA að vera byggðafestufélag.

Á aðalþingi Sambands breskra samvinnufélaga í maí sl. voru samþykktar reglur og aðferðir til að meta samfélagslega ábyrgð samvinnufyrirtækja. Þessar reglur geta orðið fyrirmynd samvinnufélaga í öðrum löndum, en samvinnuhreyfingin er gífurlega öflug víða um heim. Sem dæmi um styrkleika samvinnufélaga má nefna að International Co-operative Alliance (ICA), sem stofnað var 1895, samanstandur í dag af 250 aðildarsamböndum samvinnufélaga sem hafa um 750 milljónir meðlima í yfir 100 löndum. Í Evrópusambandslöndum eru um 180.000 samvinnufélög með um 80 milljónir meðlima og um 3,2 milljónir starfsmanna. Í Bandaríkjunum eru um 47 þúsund samvinnufélög í með um 100 milljónir viðskiptavina eða um 40% íbúanna.

Samvinnufyrirtæki eru meðal 500 stærstu fyrirtækja Bandaríkjanna. 20 samvinnufélög þar í landi velta meira en 90 milljörðum íslenskra króna á ári. Bandarísk samvinnufélög í raforkuframleiðslu sjá 36 milljónum manna fyrir rafmagni og eiga meira en helming rafmagnslína í landinu. Meira en 50 milljónum Bandaríkjamanna er þjónað af tryggingarfélögum sem eru í eigu samvinnufélaga eða nátengdum fyrirtækjum Það er athyglisvert að samvinnufélagin njóta velvilja almennings vegna samfélagslegrar ábyrgðar þeirra. Kannanir í Bandaríkjunum sýna að Bandaríkjamenn vita lítið um samvinnufélög, en 89% þeirra vilja heldur kaupa vörur frá samvinnufyrirtækjum en einkafyrirtækjum ef verð og gæði eru hin sömu. Á bilinu 60-65% telja þessi fyrirtæki hafa hagsmunir neytenda í fyrirrúmi og að þau séu traustsins verð. Um 46% vilja eiga hlut í samvinnufyrirtækjum og 69% segja að þörf sé fyrir samvinnufélög í samfélögum nútímans. 66% eru sammála um að samvinnulánafélög (credit unions) séu "fyrir fólk" en bankar þjóni aðeins gróðasjórnarmiðum. Í Kanada telja 80% manna að með því að versla við samvinnufélög haldist fjárfestingar í heimabyggð.

### **Mælikvarðar samfélagslegrar ábyrgðar**

Breska samvinnuhreyfingin hefur þróað 16 mælikvarða yfir samfélagslega og samvinnufélagslega ábyrgan rekstur, þ.e. 4 mælikvarða yfir samvinnufélagslega ábyrgð, 9 mælikvarða yfir samfélagslega ábyrgan rekstur og 3 mælikvarða yfir umhverfislega ábyrgan rekstur (sjá nánar á [www.samvinna.com](http://www.samvinna.com)).

Þeir 4 mælikvarðar sem ná yfir samvinnufélagslega ábyrgð eru: Viðskipti/fjárfesting í samvinnufélögum sem hlutfall af veltu, viðskipti við meðlimi sem hlutfall af veltu, hagnaðargreiðslur til meðlima sem hlutfall af hagnaði og fjöldi meðlima sem taka þátt í atkvæðagreiðslum sem hlutfall af fjölda meðlima, mælikvarðar yfir samfélagslega ábyrgan rekstur eru 9: Fjöldi starfsmanna og meðlima sem eru á endurmenntunarnámskeiðum, starfsmannavelta, fjöldi vinnuslysa og veikindatíðni, kynjahlutföll og þjóðernishlutföll meðal starfsmanna, ánægja viðskiptavina, vitnisburður um að tekið sé tillit til mannréttindamála í ákvörðunum um fjárfestingar, vitnisburður um að tekið sé tillit til hvort samfélagshópum sé mismunað í ákvörðunum um fjárfestingar og við ráðningar starfsfólks, hlutfall samninga við birgja sem staðið er við hvað greiðslur varðar sem hlutfall af heildarfjölda samninga við birgja, fjárfestingar í nærsamfélaginu og samvinnufélögum sem hlutfall af hagnaði fyrir skatta.

Loks eru 3 mælikvarðar yfir umhverfislega ábyrgan rekstur: Magn CO2 mengunar á hvert tonn framleiðslu, hlutfall úrgangs sem fer í endurvinnslu sem hlutfall af heildarúrgangi og vatnsneysla. Með því að gera grein fyrir þessum mælikvörðum auðvelda fyrirtækin almenningi að taka ákvörðun um að eiga frekar viðskipti við samvinnufélög en einkafyrirtæki.

## Íslenskar aðstæður

Íslenskt atvinnulíf hefur tekið miklum breytingum á síðustu tveimur áratugum. Sá alþýðukapítalismi sem hér ríkti áður er óðum að hverfa. Í stað smárra fjölskyldufyrirtækja eru hlutafélög og verðbréfamarkaður nú leiðandi í þróun nýrra fjárfestinga í atvinnulífinu. Hrun Sambands íslenskra samvinnufélaga og sala fyrirtækja í eigu þess ásamt einkavæðingu ríkisbankanna á síðustu árum hefur gerbreytt forsendum. Samhliða þessari þróun hefur eignarhald í atvinnulífinu færst á færri hendur, sérstaklega í sjávarútvegi og bankageiranum og fólksflótti af landsbyggðinni hefur farið úr böndum. Gera má ráð fyrir því að gagnrýni á fjárfestingar fyrirtækja, fákeppni og valdasamþjöppun í samfélaginu muni aukast í náinni framtíð. Við þessar aðstæður má búast við því að krafan um samfélagslega ábyrgan rekstur verði ofarlega á baugi og að skilningur á samfélagslegu mikilvægi samvinnufélaga muni eflast að nýju. Þrátt fyrir hrun SÍS á síðasta áratug er samvinnurekstur enn mikilvægur í íslensku atvinnulífi og gæti eflst ef svo fer sem horfir.

Höfundur er prófessor við Viðskiptaháskólann á Bifröst.